

Aðalfundur Vorsteh deildar 23.mars 2014

Fundurinn haldinn á skrifstofu HRFÍ kl.20:00.

Gunnar Pétur Róbertsson formaður deildarinnar setti fundinn og stakk upp á Hannesi Bjarnasyni sem fundarstjóra, það var samþykkt.

Hannes lagði til að Kristjón Jónsson yrði ritari sem var einnig samþykkt

Hannes fór þá yfir dagskrá fundarins og gaf formanni deildarinnar orðið til að fara yfir ársskýrslu deildarinnar.

Formaðurinn fór yfir ársskýrslu deildarinnar, engar athugasemdir voru gerðar við hana.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að boðað hefði verið til fundarins með löglegu hætti.

Fundarstjóri óskaði eftir mönnum sem vildu bjóða sig fram í stjórn deildarinnar. Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir bauð sig fram og var kjörinn í stjórn með lófaklappi.

Einnig gaf Jón Svan kost á sér í stjórn og var kjörinn með lófaklappi.

Úr stjórn gengur Guðjón og Vigfús.

Verðlauna afhending á vegum deildarinnar fór fram fyrir stiga hæðstu hunda í UF og OF fyrir árið 2013. Tveir hundar urðu jafnir í báðum flokkum í UF voru það Bendishunda Funi og Ice Artemis Arco. Í OF urðu það Heiðnabergs Gleypnir og Heiðnabegs Bylur.

Þá var farið yfir í önnur mál.

Díana lagið til að lögð yrði inn lagabreyting til HRFÍ þessi efnis að hluti árgjalds hvers félagsmanns færi til þeirrar deildar sem viðkomandi væri skráður í.

Jón Svan vill að þetta yrði skoðað, þ.e. hve mikið þetta væri í krónum

E.Páll sagði að þetta hafi verið rætt innan fleiri deilda.

Mál sem næsta stjórn þarf að skoða.

Guðnón Snær koma með þá tillögu að þeir sem vinna við sýningar í 4 tíma eða meira fá skráningu fyrir einn hund á næstu sýningu . Hugmyndin að gera það eftirsóknarvert að vinna fyrir félagið.

Gunnar ræddi um nýliðun hvernig væri best að fá nýliða til að mæta.

Kristjón ræddi um dómara, hvaða skoðun menn á þeim. Nota Íslenska dómara eða ekki. Menn sammála um að þegar skrá séð í próf vit viðkomandi hjá hvaða dómara hann lendir.

Gunnar ræddi um að í næsta prófi yrði reynt að tryggja að allir fengju að njóta erlenda dómarans.

Rætt um hversu mörg próf ætti að hafa, mjög misjafnar skoðanir á því.

Fundi slitið.